

Norðfirðingur

FRÉTTABRÉF NORÐFIRÐINGAFÉLAGSINS

1. tölublað 1977 1. árgangur

Á V A R P.

Góðir félagar.

Þetta litla blað sem þið nú fáði í hendur hefur það hlutvark eitt að flytja ykkur fréttir af því sem félagið fyrirhugar að gera. Öflugt félagsstarf kallar á þátttöku allra og okkur ber að efla starf félagsins okkar. Það er því von okkar að þið látið í ykkur heyra varðandi það sem fyrirhugað er, og kannski ekki síður ef þið hafið nýjar hugmyndir um verkefni fyrir félagið. Við vonumst eftir góðri þátttöku ykkar í samkomum vetrarins. Við skulum öll gera það sem við getum til að allar samkomur Norðfirðingafélagsins verði fjölmennar í framtíðinni.

Viðtakandi:

ÁRSHÁTÍÐ

Á síðastliðnum vetri hélt félagið mjög vel heppnaða árshátíð að Hótel Loftleiðum síðasta föstudag í janúar. Óskaði stjórn félagsins þá strax eftir því að fá þennan sama föstudag nú í vetur. Þetta ítrekaði Ívar Hannesson svo nú í sumar við veitingastjóra hótelsins. En vegna óskiljanlegra mistaka var þessum degi úthlutað öðrum. Mikið hefur verið reynt til að fá annað húsnæði, en ekkert hefur boðist sem stjórnin hefur verið fyllilega sátt við, og niðurstaðan er því sú að árshátíðin verður haldin að

Hótel Loftleiðum laugardaginn

26. marz,

og að sjálfsögðu stefnum við að því að fá til okkar góða gesti eins og jafnan áður.

Fyrirhugað er að senda út annan NORÐFIRÐING fyrir árshátíð þar sem sagt verður frá dagskránni og öðru er lýtur að árshátíðinni, en munið 26. marz.

SÓLARKAFFI

Ákveðið hefur verið að halda sólarkaffi að góðum og gömlum sið heima. Sólarkaffið verður í Lindarbæ laugar- daginn 29. janúar klukkan 3 e.h. Aðalmarkmiðið með kaffinu er auðvitað að Norðfirðingar fái tækifæri til að spjalla saman en auðvitað verður ýmis- legt til skemmtunar s.s. kvikmyndasýning upplestur, myndasafnið liggur frammi til sýnis, og rifjaðar verða upp skemmti- legar mýnningar frá Norðfirði. Verði kaffisins er mjög í hóf stillt það er aðeins 500 krónur. Hittumst í Lindabæ 29. janúar.

SUMARFERÐ

Til tals hefur komið að efna til hópferðar "heim" á sumri komandi, og stendur okkur til boða 25% afsláttur hjá Flugfélaginu fyrir hópinn. Ekki hefur verið afráðinn tími fyrir ferðalagið en rætt um annað hvort 16. júní og vera þá heima yfir þjóðhátíð, eða næsta haust þegar berin eru sprottin.

Ég undirritaður óska hérmeð eftir
að gerast félagi í NORÐFIRÐINGAFÉLAGINU

Nafn

Heimili

Sími

Nafnnúmer

Aukum félagatöluna.

Ef þið vitið um einhvern sem ekki er
í félaginu, en ætti að vera þar, biðjið
viðkomandi þá um að fylla út inntöku-
beiðni og senda formanni félagsins.
Aukin þátttaka - öflugra félag.

NORÐFIRÐINGUR

Útgefandi Norðfirðingafélagið

Ritstjóri Garðar Sveinn Árnason ábm.